



## Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu miðvikudaginn 28.11.2012 kl. 17:15

Boðaðir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Sara Rut Unnarsdóttir (SRU) og Víctor Ingi Olsen (VIO).

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE) og Sara Rut Unnarsdóttir (SRU). Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS) og Víctor Ingi Olsen (VIO) boðuðu forföll. Auk þess sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### Fundargerð

- 1) Fundargerð síðasta fundar - samþykkt
- 2) Skýrsla framkvæmdastjóra

#### **Skipta íþróttir máli ?**

Framkvæmdastjóri sagði frá Ráðstefnu menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem haldin var í Hátíðarsal HÍ í dag. Stjórnarmenn eru hvattir til að kynna sér fyrirlestra fundarins sem verða aðgengilegir á vef HÍ og ÍSí.

#### **Ánægja ungmenna í íþróttum í Stjörnunni.**

Skýrsla Rannsóknna og greiningar um ánægju ungmenna í íþróttum í Stjörnunni. Skýrslan var unnin að undirlagi UMSK fyrir íþrótt- og ungmennafélögin á félagssvæði sambandsins. Allir mælikvarðar í skýrslunni eru jákvæðir fyrir Stjörnuna ef frá er talið frávik í ánægju stúlkna með þjálfara og aðstöðu.

- 3) Félagsráðsfundur UMF Stjörnunnar 04.12.2012

Dagskrá fundarins ákveðin, framkvæmdastjóri sendir dagskrána út.

- 4) Tillaga að stofnun kraftlyftingadeildar Stjörnunnar

Tillagan samþykkt samhljóða, framkvæmdastjóra falið að undirbúa stofnun deildarinnar frá og með 01.01.2013.

- 5) Gildi UMF Stjörnunnar og framsetning þeirra

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða. Gildin verða kynnt á næsta félagsráðsfundi.

- 6) Reglugerð um merki Stjörnunnar

Reglugerðin samþykkt með breytingartillögum framkvæmdastjóra.

- 7) Ábyrgðarsvið aðalstjórnar og deilda

- 8) Nefndir aðalstjórnar – hlutverk og rammi

- 9) Verkefnalisti aðalstjórnar

Umræða um liði 7 – 9 saman. Mikilvægt er að ýta úr vör starfi nefnda samkvæmt skilgreiningu á að ábyrgðarsviðum aðalstjórnar og deilda. Nefndir velji sér verkefni af verkefnalista til úrlausnar og skili niðurstöðum í hverju máli til aðalstjórnar.



Mikilvægt er að nefndir geri tillögu að hlutverki og markmiði nefndarinnar til aðalstjórnar og að verkefni séu vel skilgreind og fyllilega útfærð.

10) Stjörnuheimilið - endurbætur og endurnýjun

Málinu var vísað til Stjörnuheimilisnefndar á síðasta fundi. Nefndin hefur ekki komið saman síðan. Fyrir liggur ósk frá fjarstöddum stjórnarmönnum um frestun á ákvörðun samkvæmt þessum lið.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögum sínum um endurbætur og endurnýjun á búnaði Stjörnuheimilis auk breyttrar notkunar einstakra rýma í húsnæðinu.

Fyrir liggur tilboð frá Fastus hf. um endurnýjun búnaðar í eldhúsi og sal. Áætlaður heildarkostnaður við fyrirliggjandi hugmyndir er 8 milljónir króna. Gera má ráð fyrir að auknir nýtingarmöguleikar hússins geti skilað nægum tekjum á næstu þremur árum til að mæta þessum útgjöldudm.

Mættir stjórnarmenn lýstu ánægju sinni með fyrirliggjandi hugmyndir og samþykkja þær með fyrirvara um möguleg ný sjónarmið fjarstaddra stjórnarmanna. Samþykkt var tillaga um að um endanlega útfærslu liggi fyrir í tölvupóstsamskiptum stjórnarmanna fyrir félagsráðsfund í næstu viku.

11) Önnur mál - engin

Fundi slitið kl. 19:45. Ritað PGr.